

Tillaga til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018

Flutningur: Guðrún Kristín Einarsdóttir

Breytingar á reglugerð um iðkendagjald Blaksambands Íslands

Iðkendagjald.

Stjórn BLÍ er heimilt að innheimta iðkendagjald sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félag blakdeilda sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan vébanda ÍSÍ eða taka þátt í mótum á vegum BLÍ.

Upphæð iðkendagjaldsins skal ákveða á ársþingi BLÍ fyrir tvö ár í senn. Undanþegnir gjaldinu eru þeir iðkendur sem eru í þriðja aldersflokki og yngri **spila í yngriflokkum og eru 18 ára eða yngri á keppnistímabilinu.**

Iðkendagjaldið skal innheimta í tvennu lagi, 1. nóvember og 1. mars.

Stjórn BLÍ er heimilt að meina þeim félögum sem skulda iðkendagjaldið þátttöku í mótum á vegum BLÍ. Slíka ákvörðun skal tilkynna viðkomandi félagi með a.m.k. viku fyrirvara.

Rökstuðningur:

[Til viðbótar ofangreindrar tillögu.](#)

Tillaga til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018

Flutningur: Stjórn

Liður í reglugerð um iðkendagjaldið verði breytt svona

Iðkendagjaldið skal innheimta í tvennu lagi, 1. nóvember og 1. mars.

Iðkendagjaldið skal innheimt 1. nóvember ár hvert.

Rökstuðningur: Eftir reynslu þessa leiktímabils er fyrirkomulagið betra þegar gjaldið er innheimt í einu lagi heldur en í tvennu eins og á síðasta ári.